

Útsendingarkerfi: Kerfi sem samanstendur af eftirfarandi þáttum: Myndun sjónvarpsmerkja (frumkóðun hljóðmerkja, frumkóðun myndmerkja, fléttun merkja) og aðlögun að sendimiðli (rásakóðun, mótun og ef við á orkutvístrun).

2. gr.

Staðlar fyrir sjónvarpsútsendingar.

Í sjónvarpsþjónustu fyrir almenning hvort sem er um kapalckerfi, gervitungl eða sendistöðvar á jörðu skal:

- þegar sendingar eru fyrir breiðskjái og með 625 línnum og ekki að fullu stafrænar nota 16:9 D2-MAC útsendingarkerfi eða 16:9 kerfi sem er að öllu leyti samrýmanlegt við PAL eða SECAM staðlana.
- ef um háskerpumyndir er að ræða en ekki að fullu stafrænar nota HD-MAC útsendingarkerfið
- ef sendingar eru að fullu stafrænar nota útsendingakerfi sem hefur verið staðlað af viðurkenndri evrópskri staðlastofnun.

3. gr.

Sjónvarpsmerki í kapalckerfum.

Sjónvarpsþjónusta fyrir 16:9 breiðskjái sem fellur undir ákvæði 2. gr. sem tekið er á móti og dreift á ný í kapalckerfum skal dreifa sem 16:9 breiðskjármerki hið minnsta.

4. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 25. gr. laga um fjarskipti nr. 143/1996 og með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og Ráðsins 95/47/EB frá 24. október 1995 um notkun staðla um merkjasendingar fyrir sjónvarp, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytinu, 29. október 1999.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Nr. 748

5. nóvember 1999

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 21 við Stillholt, Akranesi.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness þann 26. október 1999 var samþykkt tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina Stillholt 21, Akranesi. Um er að ræða stækkun á byggingarreit og aukningu á nýtingarhlutfalli.

Farið hefur verið með breytinguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga, grenndarkynningu. Sjö aðilum var gefinn kostur á að tjá álit sitt á breytingunni með athugasemdafresti frá 27. ágúst til 27. september 1999. Engar athugasemdir bárust.

Framangreint deiliskipulag fyrir lóðina Stillholt 21, Akranesi, tekur þegar gildi.

Akranesi, 5. nóvember 1999.

Skúli Lýðsson, byggingar- og skipulagsfulltrúi.